

DEILISKIPULAG HLÍÐARGÖTU Á ÞINGEYRI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 19060-003

DAGS.: 19. okt. 2022

VERKHLUTI: 05

NR.: 1

HÖFUNDUR: Erla Bryndís Kristjánsdóttir

RÝNT AF: Guðmundur Jónsson, Gunnar Páll Eydal

DREIFING: Sviðsstjóri Umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar

Efni: Tenging Hlíðargötu inn á Hrafnseyrarveg

Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir Hlíðargötu á Þingeyri. Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar hefur óskað eftir athugun á tengingum Hlíðargötu við gatnakerfið á Þingeyri.

1 Vinnslutillaga

Í febrúar 2022 fjallaði skipulags- og mannvirkjanefnd um tvær útfærslur að vinnslutillögu deiliskipulags fyrir Hlíðargötu. Í tillögunum er gert ráð fyrir að Hlíðargata lengist til suðurs inn á Hrafnseyrarveg, þ.e. gamla veginn sem liggur um Hrafnseyrarheiði. Gert er ráð fyrir yfir 60 nýjum íbúðum við Hlíðargötu. Núverandi aðkoma að Hlíðargötu er frá Brekkugötu milli lóða 38 og 40 og um Hrunastíg milli Brekkugötu 14 og 18. Báðar þessar tengingar við Brekkugötuna eru brattar. Brekkugata er þegar byggð húsagata en 11 lóðir eru byggðar við Hlíðargötu.



Mynd 1 Tvær útfærslur að vinnslutillögu fyrir Hlíðargötu, sem kynnt var fyrir hverfisráði Þingeyrar.

Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti á fundi sínum þann 23. febrúar 2022 að leitað yrði umsagnar hverfisráðs Þingeyrar um drög að vinnslutillögu skipulagsins.




2 Umsögn hverfisráðsins

Í umsögn hverfisráðs Þingeyrar um vinnslutillögu deiliskipulagsins komu fram áhyggjur vegna tengingar inn á Hrafnseyrarveg. Í umsögninni segir:

*„Er misráðið að tengja Hlíðargötu beint inn á Hrafnseyrarveg? Með þessu skapast vissulega ákveðið “hringstreymi” í götunni, en með því kann einnig að skapast óþarfa umferð um annars rólega íbúagötu. Það er t.d. hætt við að þeir sem sækja Þingeyri heim og koma Hrafnseyrarheiðina velji þessa leið inn í bæinn í stað þess að fara hefðbundnu leiðina sem liggur rétt neðan við þennan afleggjara. **Æskilegra væri að skipuleggja Hlíðargötu sem vistgötu, m.a. með lágum hámarkshraða þar sem er t.d. gert ráð fyrir börnum að leik í götunni o.s.frv.**“*

3 Umferð

Skv. umferðartölum Vegagerðarinnar¹ er umferð um gamla veginn um Hrafnseyrarheiði (Hrafnseyrarvegur nr. 626) afar lítil eða 10 ÁDU² á heiðinni og 28 ÁDU við Sandafell. Umferð um þjóðveginn í Dýrafirði frá brú að Þingeyri (Þingeyrarvegur nr. 622) er 230 – 320 ÁDU, mest næst Þingeyri. Umferð um aðalgötu Þingeyrar, þ.e. Fjarðargötu, er 415 ÁDU. Umferð um þjóðveginn utan Þingeyrar (Flugvallarvegur Dýrafirði nr. 623) er 74 ÁDU. Langstærstur hluti þeirra sem leggja leið sína til eða frá Þingeyri fara því um veginn um Dýrafjörð og aðeins lítið brot þeirra fer um Hrafnseyrarheiði eða innan við 10%.



Mynd 2 Umferðartölur í Dýrafirði. Skjáskot af vefsíju Vegagerðarinnar yfir umferð og slysatíðni.

Ólíklegt er að tenging Hlíðargötu við Hrafnseyrarveg muni auka umferð um Hlíðargötu umfram það sem búast má við vegna fjölgunar lóða við götuna. Langflestir sem sækja þjónustu eða atvinnu utan Þingeyrar ferðast um Þingeyrarveg og þaðan til Ísafjarðar eða suður um Dýrafjarðargöng. Fyrir þá sem ferðast um Þingeyrarveg verður Fjarðargata áfram fyrsti kostur að öllum helstu viðkomustöðum í þorpinu. Það á líklega einnig við um þá sem ferðast um Hrafnseyrarveg. Ólíklegt er að þeir velji leiðina um Hlíðarveg og Brekkugötu, enda eru brekkur, beygjur og gatnamót á þeirri leið (rauð leið á Mynd 3), nema þeir eigi leið í þessar götur. Leiðin um Fjarðargötu verður greiðari og fljótfnari (blá leið á Mynd 3).

¹ Vegagerðin. Umferð og slysatíðni, vefsíja. Sótt 14. okt. 2022 á <https://umferd.vegagerdin.is>

² Ársdagsumferð, meðalumferð á dag yfir árið.



Mynd 3 Mögulegar akstursleiðir frá Hrafnseyrarvegi að miðsvæði Þingeyrar ef Hlíðargata er tengd við þann veg. Ólíklegt er að leiðin um Hlíðargötu og Brekkugötu verði fyrir valinu (rauð leið). (Loftmynd: Loftmyndir 2016)



Mynd 4 Mögulegar akstursleiðir út úr bænum frá byggð við Hlíðarveg. Blá lína sýnir líklega leið í dag en rauð lína sýnir líklega leið ef Hlíðargata tengist Hrafnseyrarvegi. (Loftmynd: Loftmyndir 2016)

Brekkugata hefur beina tengingu við Fjarðargötu, um 50 m utan við gatnamót Hrafnseyrarvegar. Gert er ráð fyrir töluverðum fjölda nýrra íbúða við Hlíðargötu og það mun auka umferð um Brekkugötu ef ekki kemur til nýrrar tengingar við Hrafnseyrarveg. Öll umferð af Hlíðargötu myndi þá fara um Brekkugötu og áfram þaðan um Fjarðargötu/Þingeyrarveg (blá leið á Mynd 4.)



Mynd 5 Mögulegar akstursleiðir frá byggð við Hlíðarveg að miðsvæði Píngeyrar. Líklegt er að flestir muni velja að fara um Brekkugötu þrátt fyrir tengingu við Hrafnseyrarveg (blá lína). Þeir sem búa næst Hrafnseyrarvegi gætu þó valið að fara þá leiðina þar sem hún verður greiðari (rauð lína). (Loftmynd: Loftmyndir 2016)

Fjölgun lóða við Hlíðargötu mun auka umferð um götuna. Með tengingu Hlíðargötu við Hrafnseyrarveg mun umferðaraukning vegna fjölgunar íbúða dreifast á fleiri tengingar í stað þess að öll umferð frá Hlíðargötu fari um Brekkugötu, sem ætti ekkert síður en Hlíðargata að vera róleg íbúðargata. Fyrir þá sem búa á innsta hluta Hlíðargötu gæti Hrafnseyrarvegur verið betri valkostur á leið til skóla eða annarrar þjónustu í þorpinu (rauð leið á Mynd 5) sem myndi um leið minnka aukningu umferðar um Brekkugötu.

4 Vistgata

Í umsögn hverfisráðs Píngeyrar kom fram ábending um að æskilegra væri að skipuleggja Hlíðargötu sem vistgötu.

Skv. umferðarlögum nr. 77/2019 er hámarks umferðarhraði í vistgötu 15 km/klst. og ökuþing er skylt að sýna gangandi vegfaranda sérstaka tillitssemi og víkja fyrir honum. Heimilt er að dveljast og vera að leik á vistgötu. Einnig skal vistgata afmörkuð með sérstökum merkjum sem tákna vistgötu og þar má ekki leggja ökutækjum nema á merktum stæðum, skv. 9. gr. laganna.

Núverandi byggð við Hlíðargötu setur skipulagi svæðisins ákveðnar skorður. Núverandi fyrirkomulag miðast við þráðbeina og tiltölulega mjóa götu. Í vinnslutillögnum er áfram miðað við lágmarksbreidd götu en það er líklegt til að draga úr umferðarhraða. Auk þess er leitast við að breyta formi hennar á óbyggða hlutanum til að draga enn frekar úr líklegum hraðakstri sem beinar götur leiða gjarnan til. Á móti kemur að heildarlengd götunnar verður yfir 600 m en meiri líkur eru á auknum umferðarhraða eftir því sem gatan er lengri. Svo löng gata fellur ekki vel að skilyrðum fyrir vistgötu. Vistgötur eru yfirleitt minni íbúðargötur og ólíklegt er að raunverulegur umferðarhraði myndi takmarkast við 15 km/klst. Til að gatan geti virkað sem vistgata þyrfti því að huga að umfangsmiklum aðgerðum til hraðalækkunar. Einnig væri mögulegt að skipta henni upp í styttri hluta, þ.e. botnlanga, en það myndi leiða til þess að öll umferð til og frá götunni yrði um Brekkugötu sem eykur umferðarálág þar, sbr. umfjöllun í 3. kafla. Skilti við gatnamót Hlíðargötu/Hrafnseyrarvegur með upplýsingum um vistgötu með 15 km hámarkshraða gæti þó dregið úr líkum á því að vegfarendur veldu Hlíðargötu sem leið inn í bæinn.

Vistgötur eru gjarnan hannaðar með áherslu á frekari hraðalækkandi aðgerðir og vistlegt umhverfi fyrir þá sem dveljast í götunni, s.s. með þrengingum, miðeyjum, grænum svæðum, lýsingu og götugögnum. Vel getur átt við að móta umhverfi götunnar með tilliti til þessara þátta. Við hönnunina ber þó að hafa í huga að útfærslan torveldi ekki snjómokstur í götunni og að mannvirki þoli snjómoksturinn.